

## 117. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 26. mars 2007 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

- Dagskrá:
1. Skýrsla skólastjóra.
  2. Erindi frá bæjarráði varðandi vinnu við skólastefnu.
  3. Önnur mál.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

### 1. Skýrsla skólastjóra.

Vorannartónfundir eru nýafstaðnir.

Áfangapróf verða í lok apríl en önnur próf í vikunni 7.-11. maí. Þetta árið munu allir taka einhverskonar próf. Vortónfundir verða 14.-16. maí og síðan verða samspilstímar í vikunni á eftir á meðan vorpróf eru í grunnskólanum. Skólaslit verða 30. maí.

Starfsdagur verður 20. apríl nk. Stefnt er að því að þetta verði sameiginlegur starfsdagur tónlistarkennara á norðanverðu Nesinu.

Áætlað er að halda tónleika 30. apríl til styrktar orgelsjóði kirkjunnar þar sem tónlistarskólinn verður þátttakandi. Framundan eru vor-æfingabúðir Stóru lúðrasveitarinnar strax eftir páska og Litla lúðrasveitin ætlar að halda tvenna tónleika í leikskólanum, þeir fyrri verða fyrir páskafrí.

Auðsótt mál var að fá aukatíma fyrir tónfræðikennslu. Jóhanna er þessa dagana að leggja lokahönd á fréttabréf sem fer heim með nemendum fyrir páskafrí.

Kennaramál skólans eru að skýrast og fer auglýsing í næsta sunnudagsblað um stöðu Martins og hálf píanóstaða.

Trommusveit Snæfellsness fékk 200.000 króna styrk í verkefnið þ.e.a.s. samstarf til vors og lokatónleika í sumar.

Meningarráðið óskaði jafnframt eftir að styrkja sameiginlegt verkefni allra tónlistarskólanna á Vesturlandi.

Jóhanna sagði frá Tónvest en þar hittust 124 nemendur og 28 kennarar og var almenn ánægja með útkomuna.

Jóhanna og Elísabet fóru á málþing um tónlistarkennslu 1-6 ára barna sem haldið var á Hótel Sögu 23. mars.

Jóhanna spurðist fyrir um hvar reglugerð skólans væri stödd í kerfinu. Elísabet upplýsti að hún var samþykkt í bæjarstjórn athugasemdalaust en ætlar að athuga hvar hún er stödd núna.

2. Erindi frá bæjarstjórn varðandi vinnu við skólastefnu.  
Í framhaldi af skýrslu um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla var samþykkt að fræðslunefnd og skólanefnd Tónlistarskólans verði falið að hafa umsjón með vinnu við sameiginlega skólastefnu. Næstu skref rædd.  
Þessi vinna er hugsuð m.a. sem grunnur fyrir hönnunurvinnu væntanlegs skóla.
3. Önnur mál.  
Engin.

Fundi slitið kl. 19.25.

Daði Jóhannesson (sign.),  
Sigurborg Sturludóttir (sign.),  
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),  
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).

Íhs.